

Mánudaginn 2. júní 1919.

Nr. 4/1919:

Runólfur Stefánsson

gegn

H. Tofte og Sighv. Bjarnasyni,
fyrir hönd Íslandsbanka.

D ó m u r :

Með bréfi dags. 7. desbr. 1916 til fógetans í Reykjavík, beiddust stjórnendur Íslandsbanka að fjárnám væri gjört hjá áfrýjanda þessa máls, Runólfi Stefánssyni skipstjóra hér í bænum, samkvæmt sátt gjörðri fyrir gestarétti Reykjavíkur 19. desbr. 1908, fyrir 4000 kr. ásamt 6% ársvöxtum og 1% dráttarvöxtum frá 22. okt. 1913 til greiðsludags, svo og kostnaði við fjárnám og væntanlegt uppboð. Eftir sókn og vörn af hendi málsaðila fyrir fógetaréttinum, kvað fógetinn hinn 26. febr. f. á. upp þann úrskurð, að hið umbeðna fjárnám ætti fram að fara, og var síðan hinn 6. marz s. á., eftir kröfu Íslandsbanka, gjört fjárnám fyrir framangreindri upphæð í húseign áfrýjanda, Litla-Holti, ásamt tilheyrandi lóð og mannvirkjum næst á eftir 2400 kr. veðskuld til veðdeildar Landsbankans.

Þessum úrskurði og eftirfarandi fjárnámsgjörð hefir Runólfur Stefánsson, að fengnu uppreistarleyfi, útgefnu 16. jan. þ á. skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 18. s. m., og krefst hann þess að úrskurðinum verði hrundið og fjárnámsgjörðin úr gildi felld, en til vara hefir hann krafist, að úrskurðinum

verði breytt þannig, að honum verði að eins talið skylt að greiða 1140 kr. 20 a. Ennfremur krefst áfrýjandi, hvernig sem málið fer, að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir yfirdómi eftir mati réttarins. Hinir stefndu bankastjórar krefjast þess hins vegar að hinn áfrýjaði úrskurður og fjárnámsgjörð verði staðfest að öllu leyti og áfrýjandi dæmdur til að greiða Íslandsbanka hæfilegan málskostnað fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Tildrög máls þessa eru þau, að árið 1905 tókst áfrýjandi ásamt nokkrum mönnum öðrum, á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni að upphæð 9000 kr., er Þórður nokkur Vigfússon tók í Íslandsbanka 18. og 20. nóvbr. 1905; var lán þetta, eftir því sem fram er komið í málinu, auk þess tryggt með 2. veðrétti í fiskiskipinu Velocity, næst á eftir áhvílandi 1. veðrétti til Fiskiveiðasjóðs Íslands, án þess þó að um veðsetninguna sé getið í skuldabréfi Þórðar eða í sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingunni, sem rituð er á skuldabréfið. Með því að lántakandi stóð ekki í skilum með greiðslu lánsins, höfðuðu stjórnendur Íslandsbanka, seint á árinu 1908, mál á hendur ábyrgðarmönnum lánsins, fyrir gestarétti Reykjavíkur, til greiðslu lánsins, og lauk því máli fyrir gestaréttinum með sátt gjörðri í réttinum 19. desbr. s. á., á þá leið, að stefndu, þar á meðal áfrýjandi, skuldbundu sig til þess að gjöra full skil fyrir skuldinni með vöxtum, fyrir janúarmánaðarlok 1909, hafi þeir eigi fyrir þann tíma gjört nýja samninga við bankann. Sátt þessari var þó eigi fullnægt. Hinn 28. maí 1909 var

skipið Velocity, sem stóð að veði fyrir skuldinni, selt á nauðungaruppboði, eftir kröfu 1. veðhafa, Fiskiveiðasjóðsins, og varð einn af ábyrgðarmönnum bankalánsins, Jón G. Þórðarson skipstjóri í Ráðagerði, hæstbjóðandi að skipinu fyrir 7000 kr., en nokkru eftir uppboðið sökk skipið, og var það þá, eftir því sem fram er komið í málinu, óvátrygt.

Áfrýjandi heldur því fram, að eftir uppboðið hafi þáverandi stjórnendur Íslandsbanka samþykkt, að Jón G. Þórðarson tæki að sér skuldina til bankans; fyrir því hafi Jón fengið uppboðsafsál fyrir skipinu og hafi innihald þess verið á þá leið, að með því að hann hafi greitt skuld 1. veðhafa að fullu, svo og kostnað við fjárnám og uppboð og tekið að sér greiðslu á skuldinni til Íslandsbanka með 2. veðrétti, væri hann réttur eigandi skipsins.

Afsal þetta hefir eigi verið þinglesið og ekki tekist að hafa upp á því, en sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu hefir vottað að þetta hafi verið efni þess, og hann vottar það einnig að áður en afsalsbréfið hafi verið afhent Jóni G. Þórðarsyni, hafi hann, sýslumaður, sýnt það þáverandi banka-
stjóra, Emil Schou, og hafi hann samþykkt að kaupandi tæki skuldina að sér. Með þessu telur áfrýjandi að fenginn hafi verið nýr grundvöllur undir skuldina, en eldri grundvöllur hennar, skuldbindingarbréf hins upprunalega lántakanda og ábyrgðarmanna og sáttin frá 19. des. 1908 hafi þar með fallið burtu og lántakandi og ábyrgðarmennirnir orðið lausir allra mála við bankann. Þetta komi og heim

við það, að meðan Jón G. Þórðarson hafi lifað, hafi bankinn átt við hann einan um greiðslu vaxta og afborgana af láninu, en ekkert hreyft við ábyrgðarmönnum fyrir en eftir lát hans.

Þá heldur áfrýjandi því fram, að Íslandsbanki hafi glatað rétti sínum gagnvart honum og hinum ábyrgðarmönnum fyrir þær sakir, að stjórn bankans hafi vanrækt að láta mæta á nauðungaruppboðinu 28. maí 1909, til að gæta þar hagsmuna bankans, sem hún hefði haft fulla ástæðu til, þar sem bankinn var veðhafi í skipinu, svo og af því að hún hafi vanrækt að halda skipinu váttrygðu, og loks tekur áfrýjandi fram, að nokkrir af ábyrgðarmönnum hafi ýmist orðið gjaldþrota eða dáðir án þess bankinn hafi lýst skuldinni í bú þeirra.

Hinir stefndu bankastjórar mótmæla því hinsvegar eindregið að bankinn hafi samþykkt að Jón G. Þórðarsson tæki skuldina að sér eða að bankinn hafi afsalað sér nokkrum rétti gegn áfrýjanda eða öðrum ábyrgðarmönnum lánsins eftir sáttinni 19. desbr. 1908. Þeir mótmæla vottorði sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og telja það byggt á misminni eða misskilningi, og taka það fram að það hafi verið óþarfi fyrir bankann, að gjöra nokkra nýja samninga við Jón G. Þórðarson, þar með hann með réttarsáttinni 19. desbr. 1908 hafi verið búinn að skuldbinda sig til að greiða lánsefti-stöðvarnar, en hitt sé auðsætt að bankinn hafi engum rétti tapað með því að draga að framfylgja sáttinni og sjá til hvort skuldin yrði

eigi greidd án þess að láta ganga að ábyrgðarmönnunum með fjárnámi. Svo mótmæla þeir því að þeim hafi borið nokkur skylda til þess að láta mæta við nauðungaruppbóðið 28. maí 1909 eða sjá um váttryggingu skipsins

Það verður nú að lita svo á, að ábyrgðarmennirnir og þar á meðal áfrýjandi, með því í sáttinni 19. desbr. 1908 að taka að sér skil á skuld Þórðar Vigfússonar innan ákveðins tíma, hafi þar með gerzt sjálfstæðir skuldarar einn fyrir alla og allir fyrir einn gagnvart bankanum, og gegn mótmælum hinna stefndu verður ekki tekið tillit til fullyrðinga áfrýjanda um það, að stjórnendur bankans hafi gjört samning um greiðslu skuldarinnar við einn samsáttarmann áfrýjanda á þann hátt að hann skyldi standa skil á skuldinni en hinir losna við ábyrgð á henni, og getur hið framlagða vottorð sýslumannsins í Gullbringu og Kjósarsýslu, sem eins og það liggur fyrir, verður að teljast vottorð eftir minni en ekki embættisvottorð, ekki komið til greina til að hnekkja umsögn bankans hér að lútandi.

Í sáttinni hafa ábyrgðarmennirnir ekki gjört neinn fyrirvara um að skylda þeirra gagnvart bankanum væri að nokkru takmörkuð af veðrétti bankans í hinu umrædda skipi, og virðist bankanum því ekki hafa borið nein skylda til að framfylgja veðrétti sínum í því og réttur bankans gagnvart áfrýjanda ekki að neinu leyti skertur við það, þótt bankinn léti uppbóðið á því afskiptalaust, og það verður heldur eigi álitíð að bankinn hafi mist rétt sinn gegn

áfrýjanda, þótt hann léti hjá líða að annast um vátryggingu skipsins.

Þar sem þannig ekki verður sjeð, að bankinn hafi fyrirgert rétti sínum gegn áfrýjanda samkvæmt sáttinni 19. desbr. 1908 verður aðalkrafa hans um ómerking fúgetaréttarúrskurðarins og fjárnámsins ekki tekin til greina.

Varakrafa áfrýjanda um að honum verði aðeins talið skylt að greiða 1140 kr. 20 a. byggist á því, að stjórnendur Íslandsbanka hafi, í stað þess að heimta að uppboðs-kaupandi Jón G. Þórðarsson greiddi uppboðsupphæðina, samþykkt að kaupandi fengi afsal gegn því einu að taka skuldina til bankans að sér, og hafi áfrýjandi því rétt til að líta svo á, að þær 5673 kr. 10 a., sem uppboðsverðið var hærra en 1. veðréttarskuldin, hafi verið greiddar upp í skuld áfrýjanda samkvæmt réttarsáttinni 19. desbr. 1908 eða með öðrum orðum að skuldin, sem þá var 6813 kr. 30 a., hafi færst niður í 1140 kr. 20 a., en með því að það, svo sem áður er sagt, er ósannað að stjórnendur Íslandsbanka hafi veitt þetta samþykki getur þessi krafa heldur eigi tekist til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því að staðfesta hinn áfrýjaða fúgetaréttarúrskurð og eftirfarandi fjárnám. Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, er ákveðst 50 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði fúgetaréttarúrskurður og eftirfarandi fjárnámsgjörð skal vera óröskuð. Áfrýjandi Runólfur Stefánsson greiði stefndu H. Tofte og Sighvati Bjarnasyni fyrir hönd Íslandsbanka 50 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi, er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 16. júní 1919.

Nr. 25/1919:

Valdstjórnin
gegn
Þórði Jónssyni

D ó m u r.

Í máli þessu er þórður Jónsson úrsmiður, eigandi hússins nr. 9 í Aðalstræti hér í bænum, kærður fyrir brot á lögum nr. 24, 12. septbr. 1917 um húsaleigu í Reykjavík, og var hann fyrir það dæmdur í lög-reglurétti Reykjavík 22. marz þ. á. í 300 kr. sekt til bæjarsjóðs Reykjavíkur og sakarkostnað allan. Eftir ósk kærða er dómi þessum skotið til yfirdómsins.

Í maimánuði f. á. ákvað húsaleigunefnd Reykjavíkur samkvæmt fyrtéðum lögum hámarkshúsaleigu eftir íbúð, 4 herbergi auk eldhúss og stúlknaherbergis á 1. lopti í nefndu húsi kærða, 95 kr. á mánuði og